

77

29. júlí

AUGLÝSING

um

staðfesting dómsmálaráðuneytisins á heilbrigðissamþykkt fyrir Kaldrananeshrepp í Strandasýslu.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hér með staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Kaldrananeshrepp í Strandasýslu, sem sýslunefnd Strandasýslu hefir samþykkt eftir tillögum hreppsnefndar.

HEILBRIGÐISSAMÞYKKT FYRIR KALDRANANESHREPP.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir allan Kaldrananeshrepp.

2. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa hreppstjóri og tveir aðrir, annar kosinn að hreppsnefnd, en hinn af sýslunefnd; skulu þeir kosnir til 6 ára, fer þó annar frá eftir fyrstu 3 árin eftir hlutkesti. Hreppstjóri er formaður nefndarinnar. Nefndin kys ritara, og skiptir með sér störfum.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, er honum þykir þurfa, eða hinir nefndarmenn óska þess, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári, og þá að tilkvöddum héraðslækni. Formaður ákveður fundartíma og fundarstað og sér um að fyrirskipunum nefndarinnar verði hlýtt. Ritari ritar gerðabók nefndarinnar og hefir á hendi bréfaskriftir hennar.

4. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþykktin sé haldin og henni hlýtt í öllum greinum.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka allt það, er um ræðir í þessari samþykkt eða þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannaferi eða einstakra manna eign. Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar húseignir og umhverfi þeirra á því svæði, er samþykktin nær yfir, og er henni heimilt að skipta þessu starfi á milli nefndarmanna. Heilbrigðisnefnd skal færa í eina bók allt það, sem hún finnur aðfinnsluvert samkvæmt þessari sam-

þykkt, og skal hún skriflega skipa þeim, er í hlut eiga, fyrir um, hvað þeir eigi að gera til umbóta.

77
29. júlí

5. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þrífnaðarbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sér útgjöld úr sveitarsjóði, þá skal hún leggja mál það fyrir sveitarstjórn og fara fram á, að féð verði veitt. Þó getur nefndin látið gera bráðnauðsynlegar þrífnaðarbætur án fengins samþykkis sveitarstjórnar, ef brýn nauðsyn ber til að þær séu gerðar tafarlaust, svo sem þá er hættuleg farsótt kemur upp í sveitinni. Skal þá svo fljótt sem verða má, leggja slík útgjöld undir samþykki sveitarstjórnar.

6. gr.

Nú býr eigandi ekki í húsi sínu, og skal hann þá fela einhverjum fullveðja manni er í húsinu býr, að vera húsráðandi. Skal húsráðandi gegna öllum skyldum eftir samþykkt þessari, með tilliti til húseignarinnar og annars hvila á húseiganda. Eigandi skal tilkynna heilbrigðisnefnd, hver sé húsráðandi. Ef þessum ákvæðum er ekki hlýtt hvila allar skyldur út af fasteign samkvæmt ofangreindu bæði á húseiganda og leigjanda, einum fyrir alla og öllum fyrir einn.

II. Um íbúðarhús.

7. gr.

Öll þau hús, sem notuð eru til íbúðar, þar með taldar sjóbúðir, skulu vera svo gerð, að unnt sé að halda þeim hreinum; gluggar skulu vera á hjörum að minnsta kosti einn í hverju herbergi, og trégólf eða steingólf í öllum íverustofum. Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda, að ræstað sé í íbúðarherbergi, ef herbergið er svo óhreint, að nefndin álítur húsbúum hættu búna.

8. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gert eða hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álítur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, þá skal nefndin banna íbúðina. Nefndin skal þá tilkynna húseiganda eða umboðsmanni hans bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef húsið er ekki bætt á þeim tíma, svo að nefndinni líki. Þó er húseiganda heimilt á 8 daga fresti að skjóta skipun nefndarinnar undir úrskurð sveitarstjórnar, er leita skal álits héraðslæknis, og því næst leggja úrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

III. Um fráræslu.

9. gr.

Eldhússkólp, þvottaskólp og önnur óhreinindi, má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsinu að hætta sé á því, að jarðvegurinn undir húsunum saurgist, sízt þar sem kjallari er undir húsum; öllu því skólpi, sem ekki er borið í sjó, eða svo langt frá húsum að hættulaust sé, skal veita burt frá húsunum í opnum eða lokuðum ræsum, svo langt sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa. Öll skólpræsi skulu vera við og hallajöfn, svo að hvergi flói út úr þeim og hvergi komi pollar eða vilpur. Skal hreinsa þau svo oft, að ekki leggi ódaun úr þeim.

IV. Um mjólkursölu.

10. gr.

Öll mjólkursala skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar, og getur nefndin bannað mjólkursölu á eða frá heimili, ef næmur sjúkdómur gengur á heimilinu eða ástæða er til að ætla, að kýrnar séu veikar. Berklaveikir menn mega hvorki hirða kýr, mjólka eða hafa með höndum þá mjólk, sem selja skal. Heilbrigðisnefnd getur bannað mjólkursölu ef óþrífalega er farið með mjólkina, eða hreinlæti í fjósum eða hirðing kúnna í svo löku standi, að erfitt verði að forðast að mjólkkin óhreinist, eða ef svo næmur sjúkdómur gengur á heimilinu, að neytendum getur stafað hætta af, allt í samráði við héraðslækni.

V. Um salerni.

11. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan um leið reisa salerni og skal það ekki vera nær dyrum, gluggum eða vindaugum á húsum en nemi $3\frac{1}{2}$ metra, og ekki nær vatnsbóli en nemi 10 metrum. — Þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá þessu, ef sérstakar ástæður mæla með því. — Gólfíð á salerninu skal vera steinsteypt eða timburgólf og herra en jarðvegurinn í kring. Hafa skal í salerninu saurkagga, vel vatnsheldan, og skal hann ná fast upp að setunni. Heilbrigðisnefnd getur leyft að hafa salerni innanhúss, í sérstökum klefa, ef úti-gluggi á hjörum er á kleanum og að öðru leyti svo um salernið búið, sem heilbrigðisnefnd telur fullnægjandi. Ef vatnsheld for er gerð hjá húsinu, má hafa salerni yfir forinni, þannig, að saurindi fari beina leið í hana.

12. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera hreint, og saurilátin skal tæma áður en fyllast; skal heilbrigðisnefndin ákveða, hvar láta megi saurinn úr salernunum.

13. gr.

77

29. júlí

Ef engin salerni fylgja þeim húsum, sem eldri eru en þessi samþykkt, eða þau ein sem illa eru gerð eða mikill óþrifnaður að, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum að þeir geri salerni á þann hátt, sem hún segir fyrir um.

VI. Um sorp og önnur óhreinindi.

14. gr.

Sorpi, hræjum eða öðru rusli má ekki kasta á almannafæri né nálægt íbúðarhúsum, á bryggju né bryggjupalla, heldur skal skylt að flytja slíkan úrgang á þá staði er heilbrigðisnefnd ákveður.

15. gr.

Það er skylda sjómanna á öllum veiðistöðum að fleygja öllu slori í sjóinn, svo langt, að út taki, ef því er ekki safnað í gryfjur á þeim stöðum, sem heilbrigðisnefnd leyfir. Útgerðarmenn og skipstjórar bera ábyrgð á því, að þessu sé hlýtt.

16. gr.

Ef einhverskonar óhreinindi safnast kringum hús eða bæi manna, sem fýla leggur af, eða daumillt rennsli fer út á alfaraveg eða inn á eignir þeirra, sem næstir búa, þá getur heilbrigðisnefnd skipað hlutaðeigandi húsráðanda eða leigjanda að flytja burt óhreinindin tafarlaust.

VII. Um matvæli.

17. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því, að ekki sé höfð á boðstólum matvara, sem skaðleg er fyrir heilsu manna. Nefndinni er heimilt að taka í búðum og öðrum sölustöðum, fyrir gangverð, sýnishorn af hverri matvöru þeirri, er hún telur líkur til að skemmd sé og skaðleg fyrir heilsu manna, og rannsaka hana.

Komi það í ljós við rannsókn læknis eða annara, er vit hafa á, að einhver matvara er skemmd og skaðleg til manneldis, skal lóga vörunni eða gera hana óskaðlega fyrir heilsu manna á einhvern annan hátt, á kostnað þess, sem vörur þessar hefir á boðstólum.

Heilbrigðisnefnd getur bannað matvælasölu, ef sölustaðurinn virðist óhæfur vegna óþrifnaðar. Svo getur nefndin og bannað matvælasölu um stundarsakir, ef næmur sjúkdómur er fyrir á sölustaðnum og hætt er við, að salan greiði sjúkdómnum götu.

18. gr.

Enginn má selja sælgæti, brauð eða aðra matvöru, er við afhendingu er handfjötluð, nema í hreinum umbúðum, er heilbrigðisnefnd telur enga sótthættu stafa af.

77 VIII. Um samkomuhús og aðra skemmtistaði, verzlunarbúðir, skóla og kirkjur.
29. júlí

19. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með samkomuhúsum og öðrum skemmtistöðum og verzlunarbúðum, skólum og kirkjum og sjá um að þau séu þvegin, hvenær sem hún telur þess þörf, og af þeim, sem hún álitur til þess færa. Nefndin getur ákveðið fyrirkomulag loftræstingar og gefið reglur um notkun loftrása, útbúnað og annað, er að því lýtur. Ef eigendur eða notendur vilja eigi sætta sig við álit heilbrigðisnefndar, geta þeir leitað álits héraðslæknis, sem þá ræður úrslitum.

20. gr.

Samkomuhús og önnur skemmtihús, skólar og kirkjur, skulu þvegnar hátt og lágt, að minnsta kosti einu sinni á ári, og gólf daglega áður en notast eiga, eftir nánari ákvæðum heilbrigðisnefndar.

21. gr.

Í öllum samkomuhúsum, sölubúðum, skólum og kirkjum er bannað að hrækja á gólfid að viðlögðum sektum. Sömuleiðis eru reykingar bannaðar í samkomuhúsum.

22. gr.

Heilbrigðisnefnd hefir eftirlit með því, að samkomuhús, skemmtihús, skólar og kirkjur, séu nægilega upphituð, er þau eru notuð, og er eigendum og umráðamönnum ofangreindra húsa skylt að hlýða fyrirskipun nefndarinnar í þeim efnum.

Hverju samkomuhúsi skal fylgja fatageymsla og svo mörg og stór salerni, sem heilbrigðisnefnd telur hlýða, þannig útbúin og hirt, eins og fyrr segir.

23. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða öll skólahús og skólastofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna, að minnsta kosti tvisvar á ári hverju, í byrjun skólaársins og á því miðju. Hver sá, er tekur til kennslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd hvar hann ætlar að kenna.

24. gr.

Hver kennslustofa handa börnum skal vera svo stór, að 2,5 teningsmetrar komi á hvert barn, í minnsta lagi. Allir gluggar skulu vera á hjörum. Gólf skal þvo á degi hverjum, en ekki sópa.

25. gr.

Ef heilbrigðisnefnd verður í einhverjum skóla vör við börn eða kennara, er hafa einhvern næman sjúkdóm, þá skal hún gera héraðslækni aðvart. Börn

með smitandi berkla og holdsveik börn mega ekki ganga í skóla með öðrum börnum, og menn með smitandi berklaveiki og holdsveikir menn mega ekki fást við barnakennslu. 77
29. júlí

26. gr.

Nú er fyrirskipun heilbrigðisnefndar um ofangreind atriði, eftir að hún hefir leitað álits héraðslæknis, að einhverju leyti eigi hlýtt, getur nefndin þá bannað notkun húss, ef eigi fullnægir skipun nefndarinnar samkvæmt framangreindum reglum unz skipun nefndarinnar er hlýtt. Kostnað þann, er nefndin hefir við að leita til sérfræðinga um þessi efni, skal greiða úr sveitarsjóði.

IX. Um næma sjúkdóma.

27. gr.

Heilbrigðisnefnd, í samráði við héraðslækni, gengst sérstaklega fyrir því, að lögskipuðum vörnum sé haldið uppi gegn næmum sjúkdómum. Ef upp kemur alvarlegur sjúkdómur á því svæði, er samþykkt nær yfir, eða í grendinni, þá er heilbrigðisnefnd, í samráði við héraðslækni, heimilt að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utanhúss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

X. Um kirkjugarða.

28. gr.

Þá er gera skal nýjan kirkjugarð, eða stækka gamlan garð, skal leita álits héraðslæknis, og getur heilbrigðisnefndin heimtað að garðstæðið sé þurkað með lokræsum, ef það er svo raklent, að vatn komi upp í grafirnar nokkru sinni. Vatnsból má ekki vera nær kirkjugarði á jafnsléttu eða undan brekku en nemi 70 metrum. Grafa skal svo djúpt, að tveggja álna moldarlag sé ofan á kistu.

XI. Um sektir og fleira.

29. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykkt eða vanrækja að framkvæma á réttum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það sektum frá 10—200 krónum, er renna í sveitarsjóð. Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnað til bráðabirgðar úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, er sekur er.

77

29. júlí

30. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn samþykkt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

31. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. september 1932.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 29. júlí 1932.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

78

29. júlí

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð húsfrú Valgerðar Jónsdóttur frá Múla“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 29. júlí 1932. Skipulagsskráin er þannig:

STOFNSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð húsfrú Valgerðar Jónsdóttur frá Múla.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður húsfrú Valgerðar Jónsdóttur frá Múla“. Hann er stofnaður af konum í Nauteyrarhreppi árið 1930, til minningar um hina látnu húsfreyju.

Stofnfé sjóðsins er 100 — eitt hundrað — krónur.

2. gr.

Sjóðurinn er undir yfirráðum kvenna í Nauteyrarhreppi. Í stjórn sjóðsins skal kjósa fimm konur til fimm ára í senn. Endurkjósa má stjórnina. Atkvæðisrétt, kosningarrétt og kjörgengi hafa allar konur heimilisfastar í Nauteyrarhreppi, 20 ára og eldri. Stjórnin skiptir með sér störfum.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á hvern þann fulltryggan hátt, er stjórn hans álitur heppilegastan.